

Minnisblað um sýnileika fræðafólks og fræðagreina í hagtölum og stefnumótun hins opinbera

Ósýnileiki fræðastarfseminnar utan háskólanna

ReykjavíkAkademían er í forsvari fyrir fræðafólk á hug- og félagsvísindasviði sem í víðu samhengi iðkar menningu og fræði utan háskólanna. Fræðafólkið sjálft og framlag þess til íslenskt samfélags er hvorki sýnilegt í hagtölum né í stefnumótun stjórnvalda. Þetta kom berlega í ljós í kóvíd. Þá hvarf atvinnumarkaður fræðafólksins að mestu án þess að þess sæjust nokkur merki í hagtölum eða þeim aðgerðum sem stjórnvöld beindu að ólíkum atvinnugreinum.¹ Þetta ástand er staðfest í greiningu BHM á afdrifum menningargreina í heimsfaraldrinum. Hún byggir á menningarvísium Hagstofu Íslands og fjallað er um atvinnumarkað fræðafólksins án þess að sú starfsstétt sé nefnd á nafn.²

Skýringin á þessum ósýnileika fræðasamfélagsins utan háskólanna er margþætt. Hún hefur bæði að gera með sjálfsmynd fræðafólksins. Meðan listamaður er listamaður óháð miðlinum sem hann notar þá merkja fræðimenn sig lærdómstitlum eða því starfi sem þeir gegna. Eru þá til dæmis sagnfræðingar, stundakennarar eða sérfræðingar innan stjórnsýslunnar. Fræðimenn sem starfa sjálfstætt eiga því hvorki sameiginlegan menntunar- eða starfstíttill, þeir eru einyrkjar og margir í tímabundnum verkefnum eða á milli launaðra starfa. Þá gengur illa fyrir opinberar stofnanir að mæla virkni fræðafólks utan háskólanna. Vinna fræðafólks sem starfar sjálfstætt einkennist af mörgum litlum og marbreytilegum verkefnum, lágum og óreglulegum tekjum og fáum tímabundnum styrkjum. Þá vinna margir hlutastörf í öðrum atvinnugreinum til þess að hafa í sig og á. Þess vegna eru viðmið skattayfirvalda um reiknað endurgjald of há. Hagstofan mælir ekki starfsemi sem er undir 5 miljónum á ári og ÍSAT 2008 atvinnugreinaflokkunin takmarkar að fjölbreytileiki starfanna sjáist. Bakland fræðafólks sem starfar sjálfstætt er ótryggt. Stéttarfélag gera kröfur um mánaðarlegar greiðslur í sjúkra- og atvinnuþryggingarsjóði og geta ekki verið talsmenn sjálfstæðra atvinnurekenda í kjarasamningum.

Margþætt vandamál - margþættar lausnir

Vandamálið er margþætt og að til þess að leysa það þurfa hagaðila fræðasamfélagsins, ráðuneyti og ríkisstofnanir að vinna saman. Allir þeir sem rætt hefur verið við sýna málinu skilning og áhuga en meira þarf til.³ Á þeim forsendum leitum við eftir aðstoð og leiðbeiningum um hvernig best er að halda á þessum málum. Dæmi um verkefnin framundan:

¹ Sama þróun sást í AkureyrarAkademíunni, systurstofnun ReykjavíkAkademíunnar.

² BHM, Greiningin birtist 5. október 2021 <https://www.bhm.is/greinar/menningargreinar-dragast-mikid-saman>

³ Til að ná utan um vandamálið hafa fulltrúar ReykjavíkAkademíunnar meðal annars rætt við Lilju Dögg Alfreðsdóttur ráðherra, Önnu Hildi Hildibrandsdóttur verkefnisstjóra Rannsóknaseturs skapandi greina á Bifröst, Anton Karlsson hjá Hagstofunni, Daniel Svavarsson skrifstofustjóri á skrifstofu verðmætasköpunar í menningarráðuneytinu, Friðrik Jónsson formann BHM, Brynhildi Heiðar- og Ómarsdóttur formann Fræðagarðs og Starfshóp BHM sem fjallar um stöðu sjálfstætt starfandi félagsmanna.

- Ⓐ ReykjavíkAkademían vinnur að því að skilgreina hópinn, safna gögnum og fylkja liði félagsmanna og hagaðila. Meðal annars verður haldið Fræðabing haustið 2023 þar sem hagaðilar munu ræða vandamálið og mögulegar lausnir þess.
- Ⓐ Í tilraun til þess að ná utan um starf fræðafólksins hefur Akademían innleitt hugtakið *fræðagreinar*. Markmiðið er að hægt verði að meta hagræn áhrif af afurðum fræðimanna og er hugtakið sett fram í samhengi við hugtakið *skapandi greinar*, menningarvísa Hagstofunnar og viðmið stofnunarinnar um atvinnugreinar og gagnaöflun. Því hefur verið velt upp hvort fræðagreinar séu undirflokkur skapandi greina eða sjálfstæð atvinnugrein með eigin vísa. Af ýmsum ástæðum höllumst við orðið meira að hinu síðarnefnda. Það er þó mikil skörun á milli afurða skapandi greina og afurða fræðagreina. Verkefni fræðafólksins eru fjölbreytt og beinast bæði að fræða- og listsköpun. Þau felast í miðlun og nýsköpun til dæmis í ferðabjónustu, fjölmiðlum, söfnum, námskeiðahaldi, fyrirlestrum og leiðsögnum. Þýðingar, prófarkarlestur, ritstjórn, verkefnisstjórn og handritsgerð eru nokkur dæmi.
- Ⓐ Einnig þarf að skoða vel skörun fræðagreina við nýsköpun og við fræðamiðlun (e: societal impact)
- Ⓐ Verði hugtakið fræðagreinar notað af opinberum aðilum er nauðsynlegt að tengja hugtakið fræðagreinar við málefnasvið ríkisins. Skoða þarf sérstaklega hvort fræðagreinar eru hluti af verkefnum ráðuneytis háskóla (HVIN) og/eða menningar (MVF).
- Ⓐ Huga þarf að því hvort og þá hvernig hægt er að fanga upp starfsemi fræðafólks sem starfar sjálfstætt? Er hægt að breyta viðmiðum ríkisins eða þurfa hagaðilar eins og ReykjavíkAkademían að safna inn vel skilgreindum upplýsingum um starfsemi félagsmanna sinna og komi þeim áfram til Hagstofunnar sem þá sér um að gera atvinnugreina sýnilega í hagtölum til dæmis með framsetningu fræðavísa?
- Ⓐ Skilgreina þarf hvernig á að nýta atvinnugreinaflokkunina, ISAT 2008, til þess að mæla virkni fræðagreina.

Verkefni eru fleiri og við vonumst eftir samvinnu um næstu skref

Fyrir hönd ReykjavíkAkademíunnar

Lilja Hjartardóttir
liljahjartar@akademia.is
Formaður stjórnar ReykjavíkAkademíunnar

Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir
annath@akademia.is
framkvæmdastjóri